

Aðalfundur Samtaka náttúrustofa (SNS)

Haldinn 26. september 2008 kl. 8:30-11:20 í Stykkishólmi

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar 1
2. Afgreiðsla reikninga 1
3. Lagabreytingar 2
4. Skipun stjórnar 2
5. Skipun í vinnuhópa 2
6. Kosning skoðunarmanna reikninga 2
7. Ákvörðun um árgjöld 3
8. Önnur mál 3

Lagt var til að Sveinn Kári Valdimarsson (NR) stýrði fundi og Róbert A. Stefánsson (NSV) ritaði fundargerð. Það var samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

-Þorsteinn flutti skýrsluna (fá punkta frá honum).

2. Afgreiðsla reikninga

Þorleifur lagði fram og kynnti rekstrarreikning SNS fyrir árið 2007 en NAVE hefur séð um bókun og samantekt reikninga. Fyrirkomulagið hefur verið þannig að formaður samþykkir reikninga og sendir til NAVE en ef reikningar koma beint til NAVE samþykkir Þorleifur þá með leyfi formanns.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að bæta inn í rekstrarreikninginn kostnaði vegna SNS-þings, öðrum en launum, og hefur það nú verið gert.

Helstu kostnaðarliðir rekstrarreiknings: Hýsing heimasíðu, lén, aðalfundur, aðrir fundir og ferðakostnaður.

Þorleifur minnir náttúrustofur á að greiða útsenda reikninga fljótt.

Reikningurinn ræddur, m.a. hvort tiltaka eigi kostnað vegna vettvangsferðar í reikningum SNS en fallið frá því.

Rekstrarreikningurinn samþykktur með fyrirvara um að skoðunarmenn eiga eftir að yfirfara hann og fylgiskjöl.

Þorleifur leggur til að náttúrustofur greiði 30.000 kr. til NAVE vegna fjármagnskostnaðar í tengslum við reikningshald. Samþykkt.

3. Lagabreytingar

Engar tillögur voru gerðar að lagabreytingum.

4. Skipun stjórnar

Fráfarandi stjórn lagði til að Þorkell viki úr stjórn í samræmi við eðlilega endurnýjun. Sömuleiðis víkur Þorsteinn úr stjórn, þar sem hann tekur sér nú eins árs leyfi frá NNV. Lagt til að Róbert verði formaður og Þorleifur og Jón setjist í stjórn með honum. Það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Skipun í vinnuhópa

Samstarfsnefnd SNS og NÍ: Þorsteinn og Róbert sátu í þessum vinnuhópi og sögðu frá því að ekki hefðu verið haldnir formlegir fundir á starfsárinu, enda hafi fyrri fundir skilað litlum haldbærum árangri. Þorsteinn leggur til að forstjóri NÍ verði framvegis beðinn um að sitja alla fundi nefndarinnar. Þorsteinn víkur úr nefndinni og tekur Þorkell sæti hans.

Samstarfsnefnd SNS og UST: Þorleifur og Ingvar sátu í þessum vinnuhópi. Stjórn SNS fundaði með forstjóra og Hjalta Guðmundssyni um mögulegt samstarf sl. vor. Óheppilegt var að Þorleifur og Ingvar skyldu ekki hafa verið boðaðir á þann fund. Að undanfögnu hefur nefndin unnið að gerð rammásamnings um samstarf stofnananna og verður hann undirritaður síðar í dag. Þorleifur og Ingvar sitja áfram í nefndinni.

Samstarfsnefnd SNS og Fræðasetra Háskóla Íslands. Samkvæmt fundargerð aðalfundar 2007 skipuðu Sveinn og Þorkell þessa nefnd en einhverra hluta vegna gleymdist að henni hefði verið komið á fót. Tillaga um að þeir skipi áfram þessa nefnd og að starf hennar verði hafið. Það samþykkt.

Þorsteinn stingur upp á að þrýsta á um að samningsbundinn samráðsfundur SNS, UST, NÍ og umhverfisráðuneytis verði haldinn sem fyrst. Málinu vísað til næstu stjórnar.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga

Líneik (NA) og Sigríður Elísabet (NSV) hafa verið skoðunarmenn og voru þær endurkjörnar.

7. Ákvörðun um árgjöld

Þorleifur leggur fram þá tillögu að náttúrustofurnar greiði 100.000 kr. árgjald í sameiginlegan sjóð SNS. Telur að það geri störf stjórnar liprari. Þorsteinn leggst gegn því en leggur til að hækka áðurnefnt tímabundið gjald í 50.000 kr. sem greiðist í upphafi næsta fjárhagsárs.

Tillaga Þorleifs felld með 4 atkvæðum gegn 2 (einn sat hjá).

Tillaga Þorsteins samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Hver náttúrustofa mun því greiða kr. 50.000 eingreiðslu í upphafi næsta fjárhagsárs til að lækka fjármagnskostnað og koma í veg fyrir kostnað NAVE vegna reikningshalds.

8. Önnur mál

Náttúrustofuþing 2009

Næsta Náttúrustofuþing verður haldið á Reykjanesi. Sveinn setur fram þá tillögu að stækka þingið dálítið. Bætt verði degi framan við þar sem vinnuhópar hittist og vinni að samstarfsverkefnum o.fl. Þarna erum við næst Reykjavíkursvæðinu og spurning um stærri ráðstefnu (heill dagur) sem ætlað yrði að draga fleiri að. Fyrirlestrar (+veggspjöld) frá náttúrustofum og samstarfsaðilum. Hittast e.t.v. í vinnuhópum um hádegi á miðvikudegi, innri fundir (þ.m.t. aðalfundur) á fimmtudegi og opin ráðstefna á föstudegi.

Nokkrar umræður urðu um þetta mál. Almennt voru fundarmenn jákvæðir fyrir þeirri hugmynd að vinnuhópar hittust fyrir (eða eftir) þingið til að ræða og skipuleggja vinnu sína en að ekki þyrftu endilega allir að mæta á þá fundi heldur aðeins þeir sem ættu þangað beint erindi. Einnig nefndur sá möguleiki að vinna að uppgjöri vettvangsferðar á þinginu. Fundarmenn voru sömuleiðis jákvæðir fyrir því að halda vísindaráðstefnu í tengslum við SNS-þing 2009, enda ættu náttúrustofur mikið efni til að kynna og að staðsetning næsta þings væri heppileg að þessu leyti. Talað um að þetta yrði gert í þetta eina skipti til reynslu.

Rætt um heppilega vikudaga: Hvort væri laugardagur eða föstudagur betri fyrir opna ráðstefnu? Nálægt Reykjavík er föstudagur líklega heppilegri en úti á landi er laugardagur e.t.v. heppilegri. Spurning um markhóp.

Sveinn leggur til að NR vinni tillögu að fyrirkomulagi næsta þings og leggi fyrir stjórn. Það samþykkt.

Fræðsluerindi náttúrustofa

Almenn ánægja með hvernig til hefur tekist. Kristín (NA) sá um kynningu til að byrja með og Róbert (NSV) tók við. Hann óskaði eftir því að losna undan því vegna formennsku SNS. Lagt til að Áslaug (NA) taki við kynningu og var það samþykkt. Áfram munu forstöðumenn (eða aðrir sem þeir fela verkefnið) þó sjá um kynningu heima fyrir. Rætt var að mikilvægt væri að tryggja að fræðsluerindum verði varpað í fullnægjandi aðstöðu í Reykjavík. Sveinn mun reyna að sjá til þess.

Töldu fundarmenn æskilegt að fjölga móttökustöðum fræðsluerinda SNS. Hver náttúrustofa mun vinna að því í sínu héraði.

Rætt hvort setja ætti fyrirlestrana á netið en lagst var gegn því, m.a. til að koma ekki í veg fyrir að kynna megi óbirtar niðurstöður.

Talið sjálfsagt að fá samvinnuaðila og/eða kollega til að halda fyrirlestra ef ástæða þykir til.

Rætt var að æskilegt væri að fjölga fræðslufyrirlestrum sem sendir eru út á land, t.d. úr Öskju. Samþykkt að stjórn SNS þrýsti á um að settur verði upp fjarfundarbúnaður í aðalfyrirlestrasal Öskju.

Ályktanir aðalfundar

Aðalfundur Samtaka náttúrustofa samþykkti eftirfarandi ályktanir:

- Aðalfundur Samtaka náttúrustofa áréttar að náttúrustofur búa yfir miklum mannauði og geta tekið að sér fjölbreytt verkefni sem sveitarfélög og aðrir aðilar þurfa að láta vinna. Sveitarfélög um land allt eru hvött til að nýta sér þjónustu náttúrustofa í auknum mæli.
- Aðalfundur Samtaka náttúrustofa telur mikilvægt að haldið verði áfram innri skoðun og greiningu á sameiginlegu starfi í kjölfar greinargerðar um starfsemi náttúrustofa, sem er í vinnslu og kemur út fljótlega.
- Aðalfundur Samtaka náttúrustofa beinir því til aðildarnáttúrustofa að þær kanni öryggismál starfsfólks á vinnustað og vettvangi. Í því getur t.d. falist að senda starfsfólk á skyndihjálparnámskeið og óska eftir úttekt þess til bærra aðila á öryggismálum stofunnar.
- Aðalfundur Samtaka náttúrustofa beinir því til aðildarnáttúrustofa að leitað verði leiða til að auka upplýsingaflæði innan stofnunar með reglulegum hætti, t.d. með starfsmannafundum.
- Aðalfundur Samtaka náttúrustofa ályktar að stefnt verði að því að á heimasíðu samtakanna verði tilvísanir í allt útgefið efni náttúrustofa auk upplýsinga um starfsfólk á hverjum tíma.
- Aðalfundur Samtaka náttúrustofa ályktar að fyrirkomulag vettvangsferða verði opið og á ábyrgð gestgjafa hverju sinni.
- Aðalfundur Samtaka náttúrustofa ályktar að stefnt skuli að því að stöðuskýrsla vettvangsferðar verði kynnt á Náttúrustofuþingi sama ár og ferðin var farin og að skýrsla ferðar næstliðins árs verði lögð fram við sama tækifæri. Verkstjórn og ábyrgð skal vera í höndum gestgjafa hverju sinni.
- Aðalfundur Samtaka náttúrustofa lýsir ánægju sinni með fyrirlestraröð náttúrustofa og hvetur til þess að fyrirlestrarnir verði gerðir aðgengilegir víðar. Sömuleiðis að leitað verði leiða til að auka framboð fyrirlestra frá höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðinni.

Róbert A. Stefánsson ritaði fundargerð.